

Náma við Breiðárlón á Breiðamerkursandi, Sveitarfélaginu Hornafirði

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 10. júní 2022 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um námu við Breiðárlón á Breiðamerkursandi, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 2.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna hjá Sveitarfélaginu Hornafirði, Forsætisráðuneytinu, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Umhverfisstofnun og Vatnajökulspjóðgarði.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Náma E-63 við Breiðárlón á Breiðamerkursandi í Sveitarfélaginu Hornafirði, könnun á matsskyldu vegna efnistöku. Vegagerðin, ágúst 2022.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Sveitarfélaginu Hornafirði 26. september 2022, Heilbrigðiseftirliti Austurlands 28. september 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands 27. september 2022, Umhverfisstofnun 2. september 2022 og Vatnajökulspjóðgarði 14. október 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 7. og 8. september 2022, 17. október 2022 og 8. nóvember 2022.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í aukinni efnistöku úr opinni námu við Breiðárlón, námu E-63 – Breiðárlón. Efnistaka úr námunni hófst árið 2003 og er heildarefnisvinnslan úr námunni orðin 71.000 m³. Allt efni hefur verið nýtt til uppbyggingar og viðhalds á rofvörnum í og við farveg Jökulsár á Breiðamerkursandi. Fyrirhuguð framkvæmd felst í áætlun til næstu 20 ára um áframhaldandi efnistöku úr námunni sem nýta á til að verja mannvirki og samgöngur við Jökulsá á Breiðamerkursandi. Erfitt er að leggja mat á nákvæma efnispörf þar sem náttúruöflin eru ófyrirsjáanleg. Því er gert ráð fyrir ríflegri efnispörf eða um 200.000 m³ af bergi í áföngum. Erfitt er að gera nákvæmda tímaáætlun fyrir efnistöku, en reikna má með að vinna þurfi grjót í námunni á 4-5 ára fresti, um 20.000-25.000 m³ í senn og að vinnslutími úr námunni sé frá október fram í maí. Meirihluti efnis verður flutt á lagersvæði við Breiðá, sem er um 4 km sunnan við námuna, en um 30-50% verði geymt í námunni sjálfri og einhverju ekið beint á viðhaldsstaði.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan þjóðlendu Breiðármakar, innan marka Vatnajökulspjóðgarðs.



4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.

Landslag, ásjúnd og verndarsvæði í Þjóðlendu

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að landslaginu á svæðinu hafi þegar verið raskað með efnistöku og vegslóðum. Náman sé nokkuð vel falin og námusvæðið hvorki sýnilegt frá Jökulsárlóni né Hringvegi. Það sé helst að hún sjáist sunnan Breiðár. Náman sé einnig lítt sýnileg út lofti.

Einnig kemur fram að umhverfisrask vegna efnistökkunnar verði minnst áberandi á svæðinu norðan Breiðárlóns af þeim stöðum sem skoðaðir hafa verið, auk þess sem efnisflutningar fari stýðstu leið með efnid frá þessum efnistökkustað. Lögð verði áhersla á að allur akstur vegavinnutækja utan markaðs framkvæmdasvæðis verði óheimil.

Til að draga úr sjónrænum áhrifum við efnisvinnsluna ætla framkvæmdaraðili að vinna fyrsta áfanga námunnar til norðurs og ganga frá því svæði þegar þeim áfanga er lokið, áður en næsti áfangi verði unninn til suðurs, en fremsta hluta hennar verði haldið óröskuðum þar sem hann myndi nokkurs konar haft sem mildi ásýndaráhrifin af námunni auk þess sem sjálft efnisnámið verði í skjóli frá ásjúnd. Reynt verði að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði og vinnsla í námunni verði ekki lengur en nauðsyn krefur. Í greinargerð framkvæmdaraðila segir að auðvelt þygi að ganga frá námunni að vinnslu lokinni vegna landslags á svæðinu. Náman sé í hrjóstrugu og gróðursnauðu landi sem nýlega sé komið undan jökli. Vanda þurfi allan frágang þeirra svæða sem raskað verði. Ofan á klöppinni á námusvæðinu sé urð eða brotið berg að meðaltali um 5 m þykkt, því efni verði ýtt ofan af námusvæðinu og skilja eigi við það í fláa. Hugsanlega verði kjarna sturtað fram að fláanum á einhverjum svæðum. Gengið verði frá sprengdum köntum námunnar með því að sprengja þá niður og skilja eigi smæsta grjótið úr svalanum eftir. Bætt verði í fláana úrgangsefnum úr námunni til að draga úr sýnileika á hæðarmun milli klapparbrúna. Frágangi verði hagað þannig að ekki myndist vindaálag á lausan jarðveg.

Náman sé innan verndarsvæðis og muni efnistakan að mati framkvæmdaraðila hafa neikvæð áhrif á landslagið.

Jarðmyndanir

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að efnistökusvæði E-63 sé í gabbróinnskoti, sem nýlega sé komið undan jökli, þar sem hann hafi hopað nokkuð. Besta efnið í rofvarnir á svæðinu sé talið vera gabbróinnskoti norðan Breiðárlóns og það metið að hægt sé að vinna 3 milljónir rúmmetra af sprengdu grjóti í því. Vestasti hluti innskotsins sé mikið brotinn og þar sé talsvert af granófýri og basaltæðum í bland við gabbróið, en eystri hlutinn um 100.000 m² sé gerður úr nokkuð heillegu gabbrói sem gæti hentað vel í brim- og rofvarnir. Þær jarðmyndanir sem verði fyrir áhrifum njóta ekki verndar og teljist svæðið því ekki sérstakt eða markvert með tilliti til jarðmyndana.

Flatarmál námunnar sé áætlað um 12.000 m² og u.þ.b. 100-120 m löng og 80-90 m breið. Núverandi námubotn sé nokkuð sléttur og liggi ofar í landi en farvegur Breiðár. Námustálið sé allt að 20 m hátt. Gert sé ráð fyrir að náman verði unnin með útvíkkun námustáls til norðurs og suðvesturs. Námustálið verði unnið í tveimur stöllum, um 10 m háum, en ekki sé æskilegt að vera með námustálið hærra en 12-13 m vegna hrunhættu við vinnu við stálið. Gera megi ráð fyrir að hægt verði að vinna þarna allt að 25 m hátt stál innan til í námunni, en 3-5 m yst. Framkvæmdaraðili metur áhrif námunnar á jarðmyndanir óverulegar.

Í umsögn Vatnajökulþjóðgarðs kemur fram að eðlilegri nálgun væri að mati Vatnajökulþjóðgarðs að telja áhrif námunnar á jarðmyndanir ásættanleg fremur en óveruleg, með tilliti til veginna samfélagslegra hagsmuna.



Vegagerðin tekur undir mat Vatnajökulþjóðgarðs um að ásættanleg umhverfisáhrif sé skýrara en óveruleg áhrif.

Fuglalíf

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að Breiðamerkursandur sé skilgreindur sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði vegna skúms og lóms. Auðugt fuglalíf sé í Jökulsárlóni, kría, kjói, skúmur, lómur, skarfur og ýmsar mávategundir megi finna í lóninu ásamt langvíu, stuttnefju og álku. Jökulsárlón sé önnur af tveimur helstu varpstöðvum helsingja á Íslandi. Í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulþjóðgarðs kemur fram að nokkrir fuglastofnar séu vaktaðir á svæðinu. Búsvæði fugla sé helst að finna við ströndina en einnig í litlum votlendisblettum, ám og lækjum.

Gera megi ráð fyrir að fyrirhuguð efnistaka muni hafa lítill áhrif á fuglalíf þar sem þéttleiki á lítt grónu landi sé almennt lítill og svæði sem raskast sé ekki verulegt að flatarmáli. Áhrif á fugla verða helst á framkvæmdartíma vegna mögulegs rasks á búsvæðum og hávaða við efnisvinnslu og umferðar vinnutækja. Áhrif á fugla á svæðinu verði tímabundin og staðbundin. Framkvæmdaraðili metur áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf óverulega neikvæð.

5 Skipulag og leyfi

Í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2013-2030 er náma E-63 merkt inn á uppdrætti í skipulaginu sem og náma E-82 (lagersvæði).

Náma E-63 er utan deiliskipulagssvæðisins fyrir Jökulsárlón á Breiðamerkursandi en aftur á móti afmarkar deiliskipulagið aðkomuleiðir fyrir vinnuvélar og tæki Vegagerðarinnar svo hægt sé að sinna viðhaldi rofvarna.

Í umsögnum er bent á að Vegagerðin þurfi að óska eftir breytingu á aðalskipulagi vegna stærðar námunnar og afstöðu sveitarfélagsins hvort deiliskipuleggja þurfi efnistökusvæðið áður en framkvæmdarleyfi verði veitt. Vegagerðin hefur fallist á það.

Framkvæmdin er í samræmi við kafla 12.4 í viðauka við stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulþjóðgarðs.

Framkvæmdin er háð framkvæmdarleyfi fyrir efnistöku frá Sveitarfélagi Hornafjarðar skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og leyfi frá þjóðgarðsyfirvöldum Vatnajökulþjóðgarðs vegna framkvæmdarinnar skv. lögum nr. 60/2007.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 er rask í farvegi Breiðár vegna grjóftlutninga tilkynningaskyld til Orkustofnunar í samræmi við 144. gr. vatnalaga.

Framkvæmdin er einnig háð starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands vegna efnistöku, efnislosunar og vinnubúða, í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Í útboðsgögnum verða gerðar kröfur til verktaka um geymslu sprengiefnis samkvæmt reglugerð nr. 510/2018 um sprengiefni og forefni til sprengiefnagerðar.

Afla skal álits Minjastofnunar Íslands hvort meta þurfi fornleifar á svæðinu áður en framkvæmdir hefjast.

6 Niðurstaða

Um er að ræða áframhaldandi efnistöku úr námu E-63 við Breiðárlón á Breiðamerkursandi í Vatnajökulþjóðgarði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 2.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.



Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingar náttúruauðlinda, mengun og ónæði sem varða framkvæmdina sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Landbrot á ströndinni beggja megin Jökulsár á Breiðamerkursandi og rof í farvegi hefur ógnað samgöngum á svæðinu undanfarin 30-35 ár. Vegagerðin hefur fylgst með farvegi Jökulsár í mörg ár og áætlanir eru uppi um nýja brú ofar í farveginum og færslu þjóðvegarsins frá ströndinni. Nauðsynlegt er að viðhalda rofvörnum við Jökulsá til að verja Hringveginn og þau samgöngumannvirki sem nú séu í notkun á svæðinu. Skynsamlegt þykir að halda efnistöku áfram í námu E-63 í rofvarnir í stað þess að opna nýja námu á öðrum stað eða keyra langar vegalengdir eftir efni, ef bregðast þurfi skjótt við rofi. Framkvæmdinni ætti ekki að fylgja aukin umferð en unnið verður að hámarki 200.000 m³ af efni næstu 20 árin á um 12.000 m² svæði. Fyrirhuguð efnistaka mun aðeins breyta lítið þeim áhrifum sem þegar eru komin fram. Náman er þegar opin og áhrif hennar þegar að mestu komin fram í landslaginu.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði varanleg og óafturkræf röskun á gabbrói, en gabbró er fremur fágætt berg á yfirborði í íslenskum jarðmyndunum. Þó svo að það njóti ekki sérstakrar verndar ætti að nota það sparlega. Náman er innan verndarsvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs og telur Skipulagsstofnun afar brýnt að gengið verði frá efnistökusvæðinu í lok framkvæmda þannig að ummerki þeirra verði í algjöru lágmarki og verndargildi svæðisins rýrni ekki vegna framkvæmdanna. Áhrif á fuglalíf eru talin óveruleg.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 5. janúar 2023.

Reykjavík, 30. nóvember 2022

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir